

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. desember 1951.

Nr. 65/1951. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)  
gegn

**Carli Finsen f. h. eigenda v/s Clevelands og  
Kristjáni Einarssyni f. h. Sölusambands ís-  
lenzkra fiskframleiðenda og gagnsök**

(Sveinbjörn Jónsson).

Bjarglaun.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí þ. á., gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum 24.750 pund sterling eða jafnvirði þeirra í íslenskum gjaldeyri, kr. 1.131.075.00, eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 25. maí 1950 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. júní þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Gera þeir þær dómkröfur *ad allega*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar og að málskostnaður fyrir héraðsdómi verði látinn falla niður, en *til vara*, að héraðsdómur verði staðfestur. Hvor krafan, sem tekin verður til greina, krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður að telja, að hjálp sú, sem v/s Hekla veitti v/s Cleveland, hafi verið björgun.

Þegar virt er hætta sú, sem v/s Cleveland var í, verðmæti þess skips ásamt farmi og verðmæti v/s Heklu, en hún var híftryggð fyrir 7.320.000 krónur, svo og annað það, sem rak-

ið er í héraðsdómi, þykja bjarglaun aðaláfrýjanda til handa hæfilega ákveðin 280.000 krónur. Ber því gagnáfrýjendum in solidum að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 20000 krónur.

### Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Carl Finsen f. h. eigenda v/s Cleverlands og Kristján Einarsson f. h. Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Skipaúngerð ríkisins, kr. 280.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. febr. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Pálmi Loftsson forstjóri f. h. Skipaúngerðar ríkisins hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 25. maí f. á., gegn Carli Finsen forstjóra fyrir hönd eigenda m/s Cleverlands svo og fyrir hönd váttryggjanda skipsins, Forsikringsselskabet Aeolus í Bergen, og váttryggjanda farms í skipinu, váttryggingarfélagins Lloyd's í London, og Kristjáni Einarssyni forstjóra fyrir hönd farmeiganda, Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, til greiðslu in solidum á björgunarlaunum, að fjárhæð 24750 pund sterling eða jafnvirði þeirra í íslenskri mynt auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar, kr. 4353.50, eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður stefnanda frá kröfum hans um dóm á hendur váttryggjendum, og lögmaður hinna stefndu váttryggingarféлага hefur ekki gert sjálfstæðar kröfur vegna þeirra.

Stefndu hafa krafizt þess, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn hinn 28. desember 1949, klukkan rúmlega 6 að morgni, hélt m/s Cleverland frá Bergen í Noregi frá Keflavík áleiðis til Norðfjarðar og hafði meðferðis 303 smálestir af saltfiski. Vindur var norðlægur, mikill sjór, og hjó og valt skipið mjög. Klukkan rúmlega 12 var vél

skipsins stöðvuð, vegna þess að leki hafði komið að smurningsolíuleiðslunni til aðalvélarinnar, og var gert við lekann til bráðabirgða. Fimmtudaginn 29. desember var vindur austlægur og enn mikill sjór, og jókst hvorttveggja, er á daginn leið. Tók skipið þungar dýfur og valt mikið. Reyndi mjög á vél og skip. Föstudaginn 30. desember var vindur enn hvass á austan og mikill sjór. Hjó skipið mjög og valt, eins og áður, og tók á sig sjói. Kl. 2.15 var vél skipsins stöðvuð, vegna þess að lekinn á smurningsolíuleiðslunni hafði aukizt. Var aftur reynt að gera við lekann, en án árangurs. Kl. 6.30 var af þessu tilefni haldin ráðstefna í skipinu. Auk skipstjóra voru viðstaddir yfirvélstjóri skipsins, II. vélstjóri og 2 hásetar. Skýrði yfirvélstjóri svo frá á ráðstefnunni, að vélin fengi ekki næga smurningsolíu og þyrði hann ekki að láta vélin ganga lengur, þar eð hætta væri á, að hún eyðilegðist algerlega. Þá kvaðst hann ekki geta gert við olíuleiðsluna. Var þá ákveðið á ráðstefnunni að kalla á hjálp, og kl. 6.35 sendi skipið út neyðarkall og bað um aðstoð. Samkvæmt leiðarreiðing skipstjórans var staður skipsins þá 63° 34' norðlægrar breiddar og 16° 10' vestlægrar lengdar. Á þessum tíma var m/s Hekla, eign Skipaútgerðar ríkisins, á leið frá Vestmannaeyjum austur og norður um land til Akureyrar með vörur og farþega. Átti skipið á austurleið að koma á þessar hafnir sunnan Seyðisfjarðar: Djúpavog, Breiðdalsvík, Stöðvarfjörð, Fáskrúðsfjörð, Reyðarfjörð, Eskifjörð, Norðfjörð og Mjóafjörð. Neyðarkallið frá m/s Cleveland heyrðist strax frá m/s Heklu, og lét skipstjóri Heklu þegar breyta um stefnu og sigla m/s Cleveland til hjálpar. Kl. 10 var komið á staðinn, sem m/s Cleveland hafði gefið upp, en skipið sást ekki. Hóf m/s Hekla nú leit að skipinu og fann það með aðstoð miðunar frá erlendum togara. Var skipið nokkru austar og grynna en búizt hafði verið við. Klukkan milli 15.30 og 15.48 kom m/s Hekla að skipinu, og varð að samkomulagi milli skipstjóranna um talsíma, að Hekla drægi Cleveland til Seyðisfjarðar á „no cure no pay“ grundvelli. Þegar m/s Hekla kom að m/s Cleveland, var búið að gera dráttartaugar m/s Heklu tilbúnar og var þeim komið yfir í m/s Cleveland með fluglínu, er keðja þess skips hafði verið gerð tilbúin. Gefnir voru út 140 faðmar af 3—4 þumlunga vír með þungum lásnum frá hvorri hlið m/s Heklu og um 50 faðmar af keðju frá m/s Cleveland. Kl. 17 hélt m/s Hekla áleiðis til Seyðisfjarðar með m/s Cleveland í eftirdragi. Menn voru hafðir á verði afturá til þess að hafa gát á dráttartaugum og bendingum frá m/s Cleveland, og stöðugt talsamband og ljósmerkja var milli skipanna. Farið var með 4—6 sjómílna hraða, miðað við klukkustund, en stöðvast nokkrum sinnum, meðan smávegis lagfæringar á stýrisvél m/s Cleveland og keðju áttu sér stað. Samkvæmt leiðarbók m/s Heklu var veðrið þenna dag suðaustan vindur, sjór austan 7—9 og mjög dimmar og harðar steypiskúrir. Laugar daginn 31. desember var ferðinni haldið áfram með um 6.5 sjómílna hraða, miðað við klukkustund. Fór veður batnandi, en mikil þoka var allan daginn. Kl. 15.40 heyrðist í þokuhorninu á Dalatanga, og voru skipin þá þvert af honum. Inn Seyðisfjörð var stýrt með aðstoð dýptarmælis og ratsjár. Var komið þangað og m/s Cleveland bundið þar við bryggju kl.

18.20. Á m/s Cleveland var í umrætt skipti 16 manna skipshöfn og einn farþegi. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar í Reykjavík var veður á Dalatanga hinn 31. desember suðaustan frá 2—4 vindstig, nema við veðurathuganir klukkan 14 og 17, þá var logn. Sjólag var: Talsverð alda. Hinn 1. jan. 1950 var veður mjög svipað, en sjólag: Dálítill alda.

Stefnandi reisir á því dómkröfur sínar, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða og telur hina umstefndu fjárhæð hæfileg björgunarlaun til sín.

Stefndu reisa hins vegar á því kröfur sínar, að hjálpin, sem m/s Hekla veitti m/s Cleveland, hafi verið aðstoð, en ekki björgun.

Þá mótmæla stefndu því eindregið, að greiðsla til stefnanda fyrir hjálpinna verði dæmd í sterlingspundum. Og þar sem sú krafa stefnanda hefur ekki við rök að styðjast, verður hún ekki tekin til greina.

M/s Cleveland var, svo sem áður er sagt, statt eigi langt frá suðausturströnd Íslands um hávetur með óvirka vél í slæmu veðri og sjó. Skipið hafði engan seglaútbúnað. Á ráðstefnu, sem haldin var í skipinu, virðist það hafa verið álit allra viðstaddra, að skipið kæmist ekki hjálparlaust til hafnar, og samkvæmt ályktun ráðstefnunnar var sent út neyðarkall og hjálpar beiðzt. Að þessu athuguðu verður að telja, að skipið hafi verið statt í neyð, er m/s Hekla veitti því hjálp sína, og var hér því um björgun að ræða.

Samkvæmt yfirmati þriggja dómkvaddra manna, er fram fór 10. janúar 1950, voru hin björguðu verðmæti metin sem hér segir:

|  |                  |
|--|------------------|
| 1. M/s Cleveland með tilheyrandi að frádregnum viðgerðarkostnaði vélar ..... | kr. 1.390.000.00 |
| 2. 6055 pakkar af ýmsum tegundum saltaðs fisks .....                         | — 490.000.00     |
| 3. Brennslu- og smurningsolía .....  | — 18.000.00      |
| 4. Lestaklæðning .....   | — 5.000.00       |

Samtals kr. 1.903.000.00

Skipstjórnarnir á m/s Heklu og m/s Cleveland eru sammála um það, að Hekla hafi dregið Cleveland 150 sjómílur. Við sjóferðapróf, er haldið var út af atburðunum 2. janúar 1950, taldi skipstjórinn á m/s Heklu, að skipið hefði tafizt vegna björgunarinnar um 36 klukkustundir, og mun það nálægt sanni. Árið 1949 nam rekstrarkostnaður m/s Heklu kr. 11.500.00 á hvern starfsdag skipsins og árið 1950 um kr. 16.160.00. Hjálp m/s Heklu var fúslega veitt og tókst giftusamlega, en var auðveld. Ekki verður talið, að skipið hafi verið lagt í hættu frammar áhættu þeirri, sem venjulega má telja því samfara að koma dráttartaugum í skip og draga það í slæmu veðri og sjó.

Er öll framangreind atriði eru virt svo og önnur málsatvik, en þau eru nákvæmlega rakin hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 160.000.00. Ber að dæma stefndu in solidum til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 13.000.00, og er þar með talinn matskostnaður.

Isleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt

meðdómsmönnum Péttri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Þorsteini Árnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Carl Finsen f. h. eigenda m/s Cleavelands og Kristján Einarsson f. h. Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, greiði in solidum stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 160000.00 með 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1951.

Nr. 80/1951. **Vigfús Kristjánsson og Sigurlaug Kristjánsdóttir** (Vigfús Kristjánsson) gegn **Haraldi Guðmundssyni** (Ragnar Ólafsson) og borgardómaranum í Reykjavík (Enginn).

Setudómari próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Deilt um kostnað af sameign.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní þ. á. Gera áfrýjendur þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 1241.15 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. september 1950 til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr henndi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Áfrýjendur hafa stefnt borgardómaranum í Reykjavík til